

Fimmtudaginn 22. febrúar 1996.

Nr. 394/1995.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Páli Indriða Pálssyni

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

Refsi- og viðurlagaákvörðun. Manndráp af gáleysi. Bifhjól. Öku-
réttarsvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1995 og áfrýjar málinu einvörðungu til endurskoðunar refsíákvörðunar og annarra viðurlaga, þyngingar á refsingu og enn frekari sviptingar ökuréttar.

Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur.

I.

Ákærði skýrir svo frá fyrir dómi, að kvöldið fyrir slysið hafi hann fyrst drukkið „tvöfaldan vodka“ og síðan um tvö glös af léttu víni. Um klukkan eitt eftir miðnætti hafi hann farið á veitingastað og drukkið eitt eða tvö glös af blönduðu sterku áfengi og „hugsanlega einhverja snafsa“. Hann kvaðst hafa farið heim til sín af veitingastaðnum um klukkan þrjú um nóttina, en ekkert áfengi drukkið, eftir að hann kom heim og þar til hann lagði af stað á bifhjólinu með farþegann Droplaugu Róbertsdóttur klukkan um fimmtán mínútur yfir sjö um morguninn.

Ingibjörg Hulda Björnsdóttir var sjónarvottur að slysinu. Hún kom ekki fyrir dóm, en skýrði lögreglu meðal annars svo frá daginn eftir slysið, að hún hefði verið akandi á leið til vinnu sinnar, er bifhjólinu var ekið fram úr bifreið hennar. Ingibjörg fylgdist eftir það með akstri ákærða og kvað hann stöðugt hafa aukið hraða bifhjóls-

ins. Kvaðst hún einnig hafa hert ferðina, og hafi hraði bifreiðar sinnar verið um 70 km miðað við klukkustund. Skömmu síðar hafi bifhjólið verið „komið á ofsahraða“ og skollið á einhverju með þeim afleiðingum, að ákærði og farþeginn kastast af hjólinu.

Að öðru leyti vísast til atvikalýsingar í héraðsdómi.

II.

Ákærði gekkst við sakargiftum. Eru brot hans réttilega heimfærð til refsíákvæða í dómi. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Svo sem fram kemur í héraðsdómi, hafði ákærði ekki áður sætt refsingu. Rétt þykir með vísun til l. mgr. 57. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, að fresta fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni. Skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. sömu laga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þegar litið er til þess, að brot ákærða var stórfellt, þykir rétt, að hann verði sviptur ökurétti í fimm ár frá 5. september 1995.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Páll Indriði Pálsson, skal sæta fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu fjögurra mánaða af refsingunni, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er sviptur ökurétti í fimm ár frá 5. september 1995.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og laun skipaðs verjanda, Guðna Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 27. október 1995.

Ár 1995, föstudaginn 27. október, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er að Þjóðbraut 13, Akranesi, af Inga Tryggvasyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-63/1995: Ákærvaldið gegn Páli Indriða Pálssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákærskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. september 1995, á hendur ákærða, Páli Indriða Pálssyni, GreniGrund 43, Akranesi, kennitala 040256-7419. Dómarinn fékk málið til meðferðar 28. september 1995 og gaf út fyrirfall í því 29. sama mánaðar.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að aka sunnudaginn 6. ágúst 1995 um klukkan 07.20, undir áhrifum áfengis og illa fyrirfallaður vegna svefnleysis og áfengisdrykkju, bifhjólínu Y-20004 frá heimili sínu áleiðis að Einigrund 2, Akranesi, og fyrir að aka bifhjólínu á þeirri leið án nægjanlegrar aðgæslu og yfir leyfðum hámarkshraða vestur Garðagrund, en hámarkshraði á Garðagrund er 50 kílómetrar miðað við klukkustund, utan í steiptan vegarkant, upp á vegarkantinn, yfir grasflöt og síðan þvert yfir hliðarveg, sem liggur að Steinsstöðum, og síðan á ljósastaur, sem er vestan við veginn að Steinsstöðum, með þeim afleiðingum, að farþegi á bifhjólínu, D, . . ., kastaðist af hjólínu og hafnaði í vegarkantinum norðanmegin við Garðagrund um 45 metra vestan við ljósastaurinn, og hlaut D við þetta höfuðkúpubrot og blæðingu umhverfis heilastofn, sem olli þegar dauða hennar.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr., staflíð a, 36. gr., 1. mgr. 37. gr., 2. mgr. 44. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verið dæmdur til refsingar og sviptingar öku réttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga.“

Við meðferð málsins krafðist sækjandi þess, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þó ekki saksóknarlauna til ríkissjóðs.

Ákærði, Páll Indriði Pálsson, hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa verið við áfengisneyslu að kvöldi 5. ágúst og aðfaranótt 6. ágúst 1995 á Akranesi. Ákærði kvaðst ekkert hafa sofnað um nóttina, en talið sig geta stjórnað bifhjólínu Y 20004 örugglega, er hann lagði af stað á því að morgni 6. ágúst frá heimili sínu áleiðis til vinnu sinnar, en í leiðinni ætlað að skutla D til síns heima. Ákærði kvaðst hafa ekið hjólínu vestur Garðagrund og líklega verið búinn að aka einn til tvo kílómetra, er hjólið lenti utan í kantsteini með þeim afleiðingum, að hann missti stjórn á því og hann og D köstuðust af hjólínu. Ákærði taldi, að hann hefði ekið bifhjólínu á 70 til 90 kílómetra hraða miðað við klukkustund, er það lenti utan í kantsteininum.

Rannsókn á blóðsýni, sem tekið var úr ákærða eftir slysið, sýndi, að alkóhólmagn í blóði hans var 1,65%.

Í vottorði Guðrúnar Birgisdóttur læknis, er kom á vettvang eftir slysið, segir, að ekkert lífsmark hafi þá verið með D. Réttarkrufning fór fram á líki D, og í skýrslu þar um segir m. a. um höfuð og miðtaugakerfi: [...]. Í ályktun skýrslunnar segir: „Krufningin leiddi í ljós, að banamein konunnar voru áverkar þeir, sem hún hlaut, er hún kastaðist af mótörhjóli, sem hún var farþegi á. Hefur hún komið niður á höfuð, og hlaut hún höfuðkúpabrot og blæðingu umhverfis heilastofn, sem olli þegar dauða hennar.“

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að hann hafi með háttsemi sinni brotið gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. og staflið a 2. mgr. 36. gr., 1. mgr. 37. gr., 2. mgr. 44. gr. og 1. sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 60 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði hefur unnið sér til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga, og þykir hæfilegt, að hann verði sviptur ökurétti í tvö ár frá 5. september 1995, en þá var hann sviptur ökurétti til bráðabirgða af sýslumanninum á Akranesi.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Páll Indriði Pálsson, sæti varðhaldi 60 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og falli hún niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er sviptur ökurétti í tvö ár frá 5. september 1995.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.